

## Minnisblað

Tilvísun: 1.531.222 V57  
Til: Akraneskaupstaður  
Sigurður Páll Harðarson

Tilvísun verkkaupa:

23.02.2017

Efni: Minnisblað vegna könnunar á klöpp fyrir austan íþróttahúsið við Vesturgötu

### 1. Svæði til könnunar

Skoðað var svæðið fyrir austan íþróttahúsið við Vesturgötu frá göngustíg við húsið og c.a. 8 m austur fyrir göngustíginn frá Stíllholtinu að skólanum. Svæðið er um 1250 fermetrar að flatarmáli. Á hluta svæðisins stendur klöppin vel upp úr en austari og syðri hluti svæðisins er grasi gróið land.



Boraðar voru átta holur með staurabor í austari hluta svæðisins og rétt vestan við stíginn þar til hann stoppaði á áætlaðri klöpp.

## 2. Niðurstöður borunar

Landhæð fyrir ofan stíg er í kóta c.a. 8,8 m og dýpi á klöpp á austasta hluta svæðisins reyndist vera á bilinu 1.7-2.0 m, kóti á klöpp er þarna því rétt í kringum 7 m, sjá gænar tölur á myndinni að ofan.

Hæð á gólfi íþróttahúss er í kringum 8,4 m (mælt á stétt við bakinnangang á NA horni).

Klöppin fer hæst í um 9,3 m og lægst í um 6,8 m.

Miðað við að klöpp verði hreinsuð 1 m niður fyrir gólfkóta íþróttahúss (þ.e. í kóta 7,4, þetta er ágiskun mögulega má þetta vera minna fer eftir gerð húss og hönnun þess) þá þarf að losa um 1.100 m<sup>3</sup> af klöpp og fjarlægja aðra 700 m<sup>3</sup> af mold og leir sem er ofan á klöppinni.

## 3. Kostnaður

Miðað við ofangreint magn má ætla að það kosti um 5mkr að losa klöppina og síðan um 3mkr að fjarlægja mold, leir og klöpp.

Bergsteinn Metúsalemsson